



Sveinn Guðmundsson

VÉLSMÍÐJAN HÉÐINN


Skrifstofa Sveins er í norðurenda hinnar miklu byggingar Héðins við Seljaveg 2.

Skrifstofan er stór og hlýleg, húsgögn og innrétting komið nokkuð til ára, vandað í upphafi.

Á gólfi er grátt íslenskt teppi og veggir klæddir eik. Skrifborð Sveins er gamalt, sterkbyggt og vandað úr maghony.

Í öðrum enda skrifstofunnar er lítið fundarborð og við það gamlir, djúpir stólar klæddir dökkbrúnu leðri. Gluggatjöld dökkgræn. Yfirleitt er heldur drungalegur blær yfir herberginu, eins og oft tíðkaðist fyrr á árum.

Útsýni í norður og austur er ekki stórbrotið. En kannske viðeigandi í þessu tilfalli. Þar sér yfir mikinn hluta athafnasvæðis vesturhafnarinnar og skógur af siglutrjám gnæfir yfir húspökin.



SKRIFSTOFUR FORSTJÓRANNA

